

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

04.04.2022
2022-04-7/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um deiliskipulagstillögu fyrir Breiðadalsvirkjun II í Önuðarfirði

Á heimasíðu Ísafjarðarbæjar er auglýst deiliskipulagstillaga fyrir Breiðadalsvirkjun II í Önuðarfirði. Umsagnarfrestur er til 4. apríl 2022. Um er að ræða deiliskipulag fyrir allt að 200 kW smávirkjun án uppistöðulóns neðan Breiðadalsvirkjunar í landi Veðrarár II í Breiðadal.

Landsnet vekur athygli á að *Bolungarvíkurlína 1* og *Ísafjarðarlína 1*, sem eru 66 kV loftlínur á vegum fyrirtækisins, liggja um skipulagssvæðið samsíða Vestfjarðavegi. Landsneti barst ekki beiðni um umsögn um deiliskipulagstillöguna. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Ekki er gerð grein fyrir háspennulínunni í deiliskipulagstillögunni, hvorki á uppdrætti né í greinargerð. Vel má greina möstur og línur á loftmynd skipulagsins en Landsnet bendir einnig á kortavefsjá fyrirtækisins <https://www.map.is/landsnet/> en þar má sjá nákvæma legu háspennulínanna.

Neðst á deiliskipulagssvæðinu er skilgreindur byggingarreitur fyrir allt að 200 m² stöðvarhús, að hámarki 5 m að hæð. Efst á svæðinu er gert ráð fyrir inntakspró og frá henni þrýstilögn að stöðvarhúsi virkjunarinnar. Landsnet vekur athygli á að fyrirhugaður byggingarreitur stöðvarhússins er staðsettur undir Bolungarvíkurlínu 1 og þar með innan helgunarsvæðis línunnar en á því svæði gildir byggingarbann. Þrýstilögnin liggur einnig að hluta til innan helgunarsvæðisins, m.a. við eitt af möstrum línunnar.

Landsnet bendir á að skipulag svæðisins þarf að taka fullt tillit til háspennulínanna og helgunarsvæða þeirra. Áhrifasvæði loftlína vegna landnotkunar miðast við helgunarsvæði línunnar. Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Helgunarsvæði loftlína er breytilegt og er ákvarðað í hverju tilviki eftir gerð mannvirkisins í samræmi við íslenska staðla. Breidd svæðisins fer m.a. eftir spennu, hæð mastra og bili milli mastra. Dæmigerð lágmarksbreidd helgunarsvæðis 66 kV háspennulína er 25 m.

Tryggja þarf að helgunarsvæði háspennulínanna sé virkt. Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Nauðsynlegt er að tryggja greiðan aðgang að línunum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna.

Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð* sem er að finna á heimasíðu Landsnets.¹

Landsnet leggur áherslu á að samráð verði haft við fyrirtækið varðandi deiliskipulag á svæðinu nærri háspennulínunum. Einnig er lögð áhersla á að allar verklegar framkvæmdir í nágrenni línanna verði í fullu samráði við Landsnet.

Virðingarfyllt

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

¹ <https://www.landsnet.is/library/Skiol/FramkvAemdir/H%C3%A1spennul%C3%ADnur-A%C3%B0g%C3%A1t-skal-h%C3%B6f%C3%B0.pdf>

Undirritunarsíða

Einar Snorri Einarsson